


Hamingjudagar á Hólmavík



2015

26. - 28. Júní.

Samstarfsaðilar



Um Hamingjudaga

Fyrstu Hamingjudagarnir

Fyrstu Hamingjudagarnir á Hólmavík voru haldnir árið 2005 og hafa þeir verið árviss viðburður æ síðan. Tilgangurinn með því að halda Hamingjudaga er tvíþættur. Annars vegar er hátíðin áttahagmót fyrir brottflutta Strandamenn og Hólmvíkinga, vettvangur til að hittast og eiga góða stund á heimaslóð. Hinn megin tilgangurinn með hátíðinni er að sem flestir taki þátt í hátíðinni með sínum hætti á sínum forsendum. Með virkri þátttöku í hátíðinni hjálpa menn til við að uppfylla meginmarkmið hennar sem er að hver einasti íbúi í Strandabyggð ásamt gestum hátíðarinnar finni fyrir innri hamingju, hugarró, gleði og kærleika í hverju skrefi.

Árið 2011 var Hamingjusamþykkt Strandabyggðar samþykkt samhljóða af sveitarstjórn á hátíðarfundum á Klifstúni. Ekki er vitað til þess að önnur sveitarfélög í heiminum eigi í sínum ranni samþykktir sem fjalla sérstaklega um hamingjuna.

Hamingjusamþykkt

Hamingjusamþykkt Strandabyggðar er svohljóðandi: Hamingjan er eitt af leiðarljósum í áframhaldandi uppbyggingu í Strandabyggð. Lífsgæði íbúa á Ströndum skipta miklu máli og þau þarf að efla með fjölbreyttum ráðum. Ræktum hamingjuna innra með okkur og stuðlum að aukinni gleði og lífsfyllingu hjá okkar

nánustu, vinum og samferðamönnum, með orðum okkar og gjörðum. Munum að brosi í amstri hversdagsins getur gert kraftaverk, það getur dimmu í dagsljós breytt. Hið sama gildir um hrós og þakklæti fyrir það sem vel er gert. Jákvæð og uppbyggileg hvatning til góðra verka er varða sem vísar veginn í átt að betra samfélagi.


Virk þátttaka hvers einstaklings í samfélaginu er keppikefli og miklu skiptir að jákvæðni, virðing og samkennd einkenni mannlíf á Ströndum. Íhugum öll, hvert og eitt okkar, með hvaða hætti við getum lagt okkar af mörkum. Gleðjumst saman, höfum hamingjuna í hávegum. Gerum alla daga að hamingjudögum.



Það verður stuð í bænum



Opunarhátíðin verður í Hnyðju



Jónsi úr Svörtum fötum heldur uppi fjörinu

Miðvikudagur 24. Júní

14:00-16:00 Kassabilasmiðja fyrir fjölskylduna í Áhaldahúsinu

Fimmtudagur 25. júní

13:00-17:00 Náttúrubarnaskóli á Sauðfjarsetrinu

14:00-16:00 Kassabilasmiðja fyrir fjölskylduna í Áhaldahúsinu

21:00-22:30 Sundlaugarpartý í Íþróttamiðstöðinni fyrir 13-17 ára. DJ TR spilar, frítt inn

Föstudagur 26. Júní

15:30-17:00 Trommunámskeið með Bangura band í félagsheimilinu

16:00 Setning hátíðar og sýningaropnun í Hnyðju.

Kvennasýning í tilefni 100 ára kosningarafmæli kvenna á Íslandi.

Brian Berg, konur og hnyðjur

Menningarverðlaun Strandabyggðar

11:00-16:00 Tomas Ponzi verður á Restaurant Galdur og teiknar myndir

18:00 Vinabæjarleikur í fótbolta á Skeljarvíkurvelli

18:00-20:00 Fiskihlaðborð á Café Riis

20:00 Hamingjugolfmót á Skeljavíkurvelli

20:00 Íbúar gera sig klára í hverfum sínum fyrir göngu á hátíðarsvæði

20:15 Gengið saman úr hverfum

20:15 Heimamenn skemmta í Hvamminum

21:00 Söngur og fjör með Jónsa (söngvara hljómsveitarinnar Á svörtum fötum) í Hvamminum/Klifstúni við hafnarbakkann -

22:30 Hemúllinn spilar á Restaurant Caldur

00:00 DJ Yngvi Eysteins spilar á Café Riis



Leikhópurinn Lotta sýnir Litlu gulu hænuna

Laugardagur 27. júní

09:45 Hamingjuhlauparar leggja af stað frá Gillastöðum

11:00-16:00 Sýningar opnar í Hnyðju

11:00 María Játvarðardóttir heldur fyrirlestur um hamingjuríkt uppeldi í Hnyðju

11:30 - 13:00 Trommunámskeið með Bandúra band í félagsheimilinu (skráning í síma 663-0497)

11:00-16:00 Tomas Ponzi verður á restaurant Galdur og teiknar myndir

12:00 Ynja Mist Aradóttir opnar myndlistarsýningu í kaffistofunni í

15:30 Bandúra band

Hlakkarhúsinu

12:00 Kassabilarallý við Restaurant Galdur. Hjálmaskylda og lögreglan verður á staðnum

12:00 Forsýning Turtle festival kvikmyndasýningar í Bragganum

12:30-16:00 Hoppukastalar verða á Galdratúninu

13:00-16:00 Hamingjumarkaður í Fiskmarkaðnum

13:00-17:00 Hamingjudagskrá í Hvamminum Íbúar bjóða upp á skemmtun

14:00 Leikhópurinn Lotta sýnir Litlu gulu hænuna í Hvamminum

14:00 Forsýning Turtle festival kvikmyndasýningar í Bragganum

15:00 Hamingjuhlauparar mæta Hamingjuhlaðborð í boði íbúa

15:30 Bandúra band

16:15 Hamingjutónar

17:00 Forsýning Turtle festival kvikmyndasýningar í Bragganum

17:00-19:00 Opíð hús hjá gestgjöfum, nánar auglýst síðar

21:00-23:00 Gunnar Þórðarson spilar í Bragganum

00:00-03:00 Opíð á Café Riis, DJ Yngvi Eysteins

Sunnudagur 28. júní

11:00 Polla- og pæjumót í knattspyrnu á Skeljavíkurgrundum

11:00 Útifjölskyldumessa í Tröllatungu

12:00-18:00 Sýningar opnar í Hnyðju og Hlakkarhúsinu

13:00 Furðuleikar á Sauðfjarsetrinu í Sævangi

Kaupfélag Steingrímsfjarðar

Verslun opin alla daga frá 09:00-22:30
Grillið opið frá 10:00-22:00
Pakkhúsið opið alla virka daga frá 08:00-18:00
Verslun, veitingar og hamingjutilboð alla helgina.



Café Riis

Fiskihlaðborð á föstudag, steikarhlaðborð á laugardag. Hinn rómaði brunch frá Báru á sunnudag frá kl 11:00 -14:00.
Tímarpantanir á hlaðborð í síma 451-3567 eða 897-9756
Fiðlbreyttur og gómsætur matseðill alla daga.


Hamingjuhlaupið Tímaáætlun 2015

Áfangi nr.	Frá	Vegalengd eftir (km)	Kl.	Vegalengd (km)	Hraði		Tími Klst.	Til	Kl.	Hvöld klst.
					(mín/km)	(km/klst)				
1	Gillastaðir	35,2	09:45	12,0	09:10	6,55	1:50:00	Miðheiðarborg	11:35	
2	Miðheiðarborg	23,2	11:35	10,0	08:30	7,06	1:25:00	Kerlingarskarð	13:00	
3	Kerlingarskarð	13,2	13:00	3,1	11:17	5,31	0:35:00	Grímsdalur	13:35	00:10
4	Grímsdalur	10,1	13:45	1,7	08:49	6,80	0:15:00	Vatnshorn	14:00	
5	Vatnshorn	8,4	14:00	3,3	07:35	7,92	0:25:00	Stífla	14:25	
6	Stífla	5,1	14:25	0,7	07:09	8,40	0:05:00	Þverárvirkjun	14:30	
7	Þverárvirkjun	4,4	14:30	1,1	06:22	9,43	0:07:00	Vegamót við golfvöll	14:37	
8	Vegamót við golfvöll	3,3	14:37	2,0	07:00	8,57	0:14:00	Skeiði	14:51	
9	Skeiði	1,3	14:51	1,3	06:55	8,67	0:09:00	Klifstún	15:00	
Samtals				35,2	05:00	7,41	5:05:00			0:10:00



Restaurant Galdur
Fiskurinn klikkar aldrei

Hamingjuhlaupið: Það er Stefán Gíslason, hamingjusamur bóndasonur og hlaupagikkur frá Gröf í Bitrufirði og fyrrum sveitarstjóri á Hólmavík, sem er upphafsmaður Hamingjuhlaupsins. Sagan segir að þátttakendur öðlist mikla hamingju að hlaupi loknu.



Hamingjudagar á Hólmavík 2015